

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um réttarstöðu starfsmanna sendiráða.

Frá Merði Árnasyni.

1. Undanþiggur 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, erlend sendiráð á Íslandi frá greiðslu tryggingagjalds vegna innlendra starfsmanna sem starfa á þeirra vegum?
2. Er ríkinu heimilt að taka við greiðslu tryggingagjalds úr hendi íslenskra starfsmanna erlendra sendiráða á Íslandi og er slíkt fyrirkomulag í samræmi við 3. mgr. 33. gr. Vínarsamningsins um stjórn málasamband, sbr. lög nr. 16/1971?
3. Má líta á slíkt fyrirkomulag sem ígildi skattlagningar þar sem íslenskir starfsmenn erlendra sendiráða á Íslandi eiga ekki annars kost en að standa skil á tryggingagjaldi vilji þeir halda rétti sínum hér á landi til sjúkratrygginga, atvinnuleysisbóta, fæðingarorlofs o.s.frv.?
4. Á hvaða lagagrundvelli er ríkinu heimilt að taka við greiðslu tryggingagjalds úr hendi íslenskra starfsmanna erlendra sendiráða á Íslandi?
5. Kemur til greina að ríkið standi skil á greiðslu tryggingagjalds fyrir íslenska starfsmenn erlendra sendiráða á Íslandi eða mun ráðuneytið beita sér fyrir lagabreytingu sem gerir hlutaðeigandi sendiráðum skylt að greiða gjaldið?

**Skriflegt svar óskast.**